

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, stækkun miðbæjarsvæðis.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. september 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, frá 23. apríl 2002.

Breytingin felst í því að íbúðarsvæði sem afmarkast af Hamraborg til suðurs, Hábraut í vestri, lóðamörkum Ásbrautar 19-21 í norður og afrein af Hafnarfjarðarvegi í austur breytist á miðsvæði þar sem gert er ráð fyrir yfirbyggðu bílastæði og tveggja til þriggja hæða byggingu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 16. september 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.